



## Umsögn

**Til: Borgarráðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

**Efni: Umsögn um tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur**

Vísað er til tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur dags. 7. febrúar 2022 og erindis formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur dags. 28. janúar 2022. Er þar lagt til að borgarráð samþykki að stofna umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur, samhliða því að barnaverndarnefnd Reykjavíkur verði lögð niður þann 28. maí 2022.

Er vakin athygli á því 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021 sem kallar á ofangreindar breytingar í stjórnskipulagi barnaverndar hjá Reykjavíkurborg og vakin sérstök athygli á að þessar breytingar þurfa að hafa átt sér stað og vera komnar til framkvæmda fyrir 28 maí nk.

Hlutverk, markmið og skipulag nýrrar starfsemi er ávarpað í tillögunni og erindi formanns, má þar nefna starfshlutfall og kjör formanns, hvort ráða þurfi skrifstofumanneskju, skrifstofuaðstaða o.fl.

Fyrirliggjandi tillaga hefur ekki verið kostnaðarmetin og leggur fjármála- og áhættustýringarsvið áherslu á að unnin verði og lögð fram fjárhagsáætlun fyrir nýtt umdæmisráð barnaverndar með lýsingu á kostnaðarlegri aðkomu Reykjavíkurborgar og þeim sparnaði sem á móti kemur s.s. vegna niðurlagningu barnaverndarnefndar. Að svo stöddu er gert ráð fyrir breytingin rúmist innan núverandi fjárheimilda velferðarsviðs.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs